

Nr. 17-146 S 110 Blængur NK 125***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 1345
Útgerð: Síldarvinnslan hf.
Smíðaður: Spánn, 1973 stál
Stærð: 1065 brl. 1723 bt.
Mesta lengd: 78,90 m Skráð lengd: 71,0 m
Breidd: 11,60 m Dýpt: 7,90 m
Vél: Wartsila, 3680 kW 1999
Fjöldi skipverja: 25



Blængur © Þorgeir Baldursson

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. janúar 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 24. ágúst 2017 var frystitogarinn á Blængur NK 125 á togveiðum í Lónsdýpi á Austfjarðarmiðum. Veður: Hægviðri og sjólítið.

Skipverjar voru að vinna við að ganga frá afla úr frystitækjum á vörubretti sem síðan fór með færibandinu áleiðis niður í lest.

Vörubretti með frystum afla var keyrt á þriggja stöðva brettakerfi (færibaldi) þegar ein af þremur drifreimum færibandsins slitnaði en við það skekkist vörubrettið og festist. Skipverjinn fór á bak við brettið til að ýta því aftur til baka með þeim afleiðingum að vinstri fótur hans festist í tannhjólínu á færibandinu.

Við rannsókn kom fram:

- að færibaldið var stopp þegar skipverjinn fór á bak við brettið en þegar hann er að ýta því til baka var drifmótorinn gangsettur að ósk hans til að koma brettinu á hreyfingu. Við það náði tannhjólið að grípa í fótinn á skipverjanum og hann festist;
- að neyðarstopphnappur var strax virkjaður af öðrum skipverja



Myndin sýnir tannhjólíð sem fóturinn festist í

- Þegar skipverjinn rak upp óhljóð;
- að slasaði var í góðum stígvélum með stáltá;
 - að taka þurfti drifmótorinn á færibandinu frá til að losa fótinn á þeim slasaða sem tók nokkrar mínútur;
 - að fram kom að það væri ekki óalgengt að brettið festist á færibandinu í miklum veltingi;
 - að tækjabúnaðurinn á vinnsluþilfarinu var nýlegur og skipverjar að aðlagast nýju vinnuumhverfi.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.